

Sp.

49. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um litasjónvarp.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að íslenska sjónvarpið geti hafið reglulegar litaútsendingar, með því að:

- 1) samþykkja áætlun sjónvarpsins sem kveður á um hvernig að því skuli staðið í áföngum,
- 2) gefa frjálsan innflutning á litasjónvarpstækjum,
- 3) ákveða að tolltekjum af innflutningi slíkra tækja skuli varið til endurbóta á tækjum og dreifikerfi sjónvarpsins.

Greinargerð.

Íslenska sjónvarpið átti 10 ára afmæli í september s.l. Af því tilefni beindist athygli manna að aðbúnaði sjónvarpsins, starfsemi þess og þörfum. Í viðtölum við yfirmenn sjónvarpsdeildar kom hvað eftir annað fram, að þeir álitu næsta og brýnasta áfanga í starfi sjónvarpsins vera útsendingar í lit. Það var sú afmælisgjöf sem þeir óskuðu helst eftir af hálfu stjórnvalda og þjóðarinnar.

Útsendingar í lit hafa í raun átt sér stað að takmörkuðu leyti nú í nokkra mánuði, og ljóst er af fréttum af ásókn eftir litasjónvarpstækjum, að almenningur er þess mjög fýsandi að sjá slíkar útsendingar.

En fleiri og veigamikil rök mæla og með að óskum yfirmanna og starfsmanna sjónvarpsins verði léð eyra. Skulu þau nú rakin í stuttu máli:

Fyrir liggur eftir áratugsnotkun að ekki verður lengur hjá því komist að sjónvarpið endurnýi gagngert allan sinn tækjabúnað. Flest sjónvarpstæki landsmanna munu vera 7—8 ára gömul, en það er talinn eðlilegur endingartími. Öll þessi tæki þarf almenningur að endurnýja á næstu mánuðum eða missirum.

Hvað sjónvarpið sjálf snertir reynist æ erfiðara að fá nauðsynlega varahluti, þar sem tæki eru vart framleidd lengur fyrir svart-hvítt sjónvarp. Öll tæknileg framþróun á þessu sviði er á þann veg, að ekki er reiknað með svart-hvítu sjónvarpi, og hefur oftast en einu sinni komið fyrir að sjónvarpið hefur þurft að láta sérsníða varahluti.

Þá er þess einnig að geta, að sjónvarpsefni er nú í vaxandi mæli gert fyrir litasjónvarp. Nær allt sjónvarpsefni, sem framleitt er á vesturlöndum, er nú fánlegt í lit, án þess að nokkurt aukagjald komi fyrir. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því, að útflutningur íslensks sjónvarpsefnis verður stöðugt erfiðari þar sem íslenskt efni er gert í svart-hvítu, en það þykir ekki eftirsóknarvert eða sýnan-

legt erlendis. Enginn vafi er þó á því, að íslenskt sjónvarpsefni hefur margoft stuðlað að landkynningu og aukið skilning á vandamálum þjóðarinnar.

Dreifikerfið hér á landi hefur ekki verið fullkomið og enn eru nokkrir staðir á landinu, þar sem ekki sést til sjónvarps. Það er allra mál, að sjónvarpið skuli ná til allra landsmanna og að mjög þurfi að bæta móttökuskilyrði víða um hinar dreifðu byggðir. Vegna fjárhagserfiðleika hefur dreifing og endurbót ekki gengið sem skyldi. Sjónvarpið hefur fengið hluta af aðflutningsgjöldum til uppbyggingar sjónvarpsins. Þessar tekjur voru verulegar fyrstu árin, meðan innflutningur sjónvarpstækja var hvað mestur, en á síðustu tveim- þrem árum hefur innflutningur og þá um leið tekjur sjónvarpsins mjög dregist saman. Er nú svo komið að þessi tekjustofn hrekkur ekki lengur til að standa straum af greiðslum vaxta og afborgana af lánum vegna dreifikerfisins. Um nýjar framkvæmdir er því ekki að ræða meðan svo er.

Yrði litasjónvarp tekið upp, má gera ráð fyrir að nýtt líf færðist í innflutning sjónvarpstækja. Erfitt er að gera sér grein fyrir tækjasölu, en ef miðað er við 2000—2500 tæki á ári, þá gætu tekjur sjónvarpsins af slíkri sölu orðið á bilinu 150—200 millj. kr.

Ríkisstjórnin setti fyrir á þessu ári hann við innflutningi litasjónvarpstækja, en hefur nú leyft takmarkaðan innflutning. Afleiðingin af þessum tálmunum hefur orðið sú, að gerðar eru alvarlegar tilraunir til smygls á sjónvarpstækjum. Tregða ríkisstjórnarinnar á að heimila frjálstan innflutning á sjónvarpstækjum mun stafa af ótta um of mikla gjaldeyriseyðslu.

Innflutningur 2500 tækja mundi þó aðeins kosta um 200 millj. kr. í gjaldeyri. Gjaldreyrissalan fram til 1. ágúst s. l. nam um 60 milljörðum króna, og sést vel af þessum tölum hversu óveruleg upphæð hér er í húfi. Þessu til viðbótar er rétt að benda á, að í skjóli smygls tapast ríkissjóði tekjur af innflutningsgjöldum.

Af því, sem að framan er rakið, mæla tæknileg, dagskrárleg og fjárhagsleg rök eindregið með því, að rétt sé að ráðast strax í endurnýjun á tækjabúnaði sjónvarpsins og að hafnar verði reglulegar litaútsendingar. Sjónvarpið hefur þegar gert áætlun um, hvernig þessu megi hrinda í framkvæmd í áföngum. Sú áætlun hefur verið kynnt fyrir menntamálaráðherra og sýnist skynsamleg í öllum aðalatriðum. Er lagt til að þeirri áætlun verði fylgt að meginefni til.